

## Fundargerð 311. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg og í beinu streymi  
**Fundardagur:** þriðjudagur 21. janúar 2025  
**Fundartími:** 16:00-17:15  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við erindi vegna umboðs til undirritunar merkjalýsinga undir lið 8. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 294, dags. 15.01.2025

#### a) Hraunhólar L199351; Breyting á aðalskipulagi; Fyrirspurn – 2412008

Lögð er fram fyrirspurn er varðar Hraunhóla L199351 í Flóahreppi. Í fyrirspurninni felst beiðni um breytingu á aðalskipulagi í landi Hraunhóla þannig að austasti hluti landsins verði skilgreindur sem íbúðarbyggð.

*Skipulagsnefnd vísar fyrirspurninni til yfirferðar og umræðu í sveitarstjórn Flóahrepps í tengslum við endurskoðum aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að taka beiðni um breytingu á aðalskipulagi í landi Hraunhóla L199351 inn í endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Í beiðninni felst að austasti hluti lands Hraunhóla verði skilgreindur sem íbúðarbyggð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Stóra-Ármót L166274; Stækken íbúðarbyggðar; Aðalskipulagsbreyting – 2408030

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar, eftir kynningu, vegna aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem breytingin nær til er úr landi Stóra-Ármóts L166274. Áætlað er að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölda lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver lóð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggðarsvæði ÍB4 í gildandi aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni. Nýtt deiliskipulag er lagt fram til samþykktar samhliða breytingu aðalskipulags. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málssins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Stóra-Ármóts verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangengimmi samþykkt Skipulagsstofnunar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu aðalskipulagsbreytingar, eftir kynningu, vegna aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangengimmi samþykkt Skipulagsstofnunar. Svæðið sem breytingin nær til er úr landi Stóra-Ármóts L166274. Áætlað er að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölda lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver lóð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð ÍB4 í gildandi

aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni. Nýtt deiliskipulag er lagt fram til samþykktar samhliða breytingu aðalskipulags.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) **Stóra-Ármót L166274; Ármótsflöt 10, 12 og 14; Íbúðarhúsalóðir; Deiliskipulag – 2412031**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til um 4,5 ha landspildu úr landi Stóra-Ármóts L166274 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru þjárár nýjar íbúðarlóðir og byggingarreitir innan þeirra, Ármótsflöt 10, Ármótsflöt 12 og Ármótsflöt 14. Á lóðunum er heimilt að byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu. Aðkoma að nýju lóðunum er af Hallandavegi 2 og um nýja aðkomuvegi. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða tillögu aðalskipulagsbreytingar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða tillögu aðalskipulagsbreytingar. Framlagt deiliskipulag tekur til um 4,5 ha landspildu úr landi Stóra-Ármóts L166274 þar sem skilgreindar eru þjárár nýjar íbúðarlóðir og byggingarreitir innan þeirra, Ármótsflöt 10, Ármótsflöt 12 og Ármótsflöt 14. Á lóðunum er heimilt að byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu. Aðkoma að nýju lóðunum er af Hallandavegi 2 og um nýja aðkomuvegi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) **Sólbrekka L213875 (áður Hnaus land 4); 2 lögbýlislóðir; Deiliskipulag – 2501006**

Lögð er fram beiðni er varðar heimild til gerðar deiliskipulags í landi Sólbrekku L213875 í Flóahreppi ásamt frumdrögum af deiliskipulagstillögu fyrir svæðið. Heildarstærð landsins er um 50 ha en deiliskipulagið nær til um 20 ha. Fyrirhugað deiliskipulag er í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029, þ.e. landbúnaðarland. Innan landsins er fyrirhugað að stofna tvær lóðir og hver þeirra yrði um 7-8 ha að stærð. Eigendur vilja m.a. reisa íbúðarhús, eiga sitt lögheimili og búa á staðnum. Samhliða er lagt fram samkomulag landeigenda á svæðinu um aðkomu að landinu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við að unnið verði deiliskipulag sem tekur til lands Sólbrekku L213875.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að unnið verði deiliskipulag sem tekur til um 20 ha hluta af landi Sólbrekku L213875 enda séu frumdrög af deiliskipulagstillögu í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) **Vestur-Meðalholt L165513; Veglagning í íbúðabyggð; Framkvæmdaleyfi – 2412062**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til veglagningar í nýrri íbúðarbyggð Súlna í landi Vestur-Meðalholts L165513.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á grundvelli samþykktks deiliskipulags sem tekur til svæðisins.*

Sveitarstjórn samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á grundvelli samþykktks deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Framkvæmdaleyfið tekur til veglagningar í nýrri íbúðarbyggð Súlna í landi Vestur-Meðalholta L165513. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Tildra L235690; Tildruslóð 1-7; Stofnun lóða – 2412055**

Lögð er fram umsókn er varðar nýjan staðvísí fyrir 7 nýjar frístundalóðir úr landi Tildru L235690. Óskað er eftir að aðkomuvegurinn að lóðunum fái staðvísinn Tildruslóð.

Umsókn um stofnun lóðanna er í samræmi við deiliskipulag samþykkt í sveitarstjórn. 04.06.2024 en ekki var gert ráð fyrir staðföngum lóðanna í skipulaginu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við staðvísinn Tildruslóð innan lands Tildru L235690.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn er varðar nýjan staðvísí fyrir 7 nýjar frístundalóðir úr landi Tildru L235690 og að aðkomuvegurinn að lóðunum fái staðvísinn Tildruslóð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) **Uppsalir L166283; Uppsalir dæluhús; Stofnun lóðar – 2501018**

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 16.12.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 300 fm lóð, Uppsalir dæluhús, úr landi Uppsalala L166283.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnum lóðarinnar skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 16.12.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar 300 fm landeignar, Uppsalir dæluhús, úr landi Uppsalala L166283.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) **Akurholt L205691; Breytt afmörkun og fjölgun lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2412059**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til spildu í landi Akurholts (áður Gegnishólalaparts). Með breytingunni er gert ráð fyrir 6 nýjum lóðum auk þess sem breytingar eru gerðar á afmörkun allra lóða sem fyrir eru til staðar á grundvelli gildandi deiliskipulags.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um að staðföng og númering lóða innan tillögunnar verði teknar til skoðunar í takt við reglugerð um skráningu staðfanga. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt næstu landeigendum og hagsmunaaðilum. Mælist nefndin til þess að við endurskoðum aðalskipulags verði skilgreining svæðisins uppfærð í takt við breytt deiliskipulag.*

*Skipulagsnefnd UTU bendir á að allar skilgreindar lóðir innan svæðisins eru í innan við 50 metra fjarlægð frá þeim vegi sem skilgreindur er innan deiliskipulagsins í samræmi við gr. 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar. Viðkomandi vegir innan svæðisins geti því ekki talist til héraðsvega.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi Akurholts (áður Gegnishólalaparts) L205691. Sveitarstjórn mælist til þess að staðföng veðri skoðuð með tilliti til reglugerðar um skráningu staðfanga. Breytingin gerir ráð fyrir 6 nýjum lóðum auk þess sem breytingar eru gerðar á afmörkun allra lóða sem fyrir eru til staðar á grundvelli gildandi deiliskipulags. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og

verði grenndarkynnt næstu landeigendum og hagsmunaaðilum. Skilgreining svæðisins verði uppfærð í takt við breytt deiliskipulag við endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029. Sveitarstjórn bendir á að allar skilgreindar lóðir innan svæðisins eru í innan við 50 metra fjarlægð frá þeim vegi sem skilgreindur er innan deiliskipulagsins í samræmi við gr. 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar. Viðkomandi vegir innan svæðisins geti því ekki talist til héraðsvega og verða því ekki þjónustaður sem slíkur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- i) **Hjálmholt L166235; Breytt lega frístundasvæði F22; Óveruleg aðalskipulagsbreyting – 2406056**

Lögð er fram tillaga óverulegrar aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst skilgreining á breyttri legu frístundasvæðis F22, Hvítárbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnum til samþykktar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu óverulegrar aðalskipulagsbreytingar í Hjálmholti L166235. Í breytingunni felst skilgreining á breyttri legu frístundasvæðis F22, Hvítárbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til legu svæðisins en engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnum til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 217, dags. 18.12.2024 og nr. 218, dags. 08.01.2025**

Lagðar fram til kynningar.

3. **Erindi frá Tónlistarskóla Árnesinga – Ósk um aukna tónlistarkennslu í Flóaskóla frá janúar 2025**

Fyrir liggur erindi frá Tónlistarskóla Árnesinga þar sem óskað er eftir aukinni tónlistarkennslu í Flóahreppi vegna möguleika á að píanókennsla fari fram í Flóaskóla frá janúar 2025. Óskað er eftir því að kennslustundum í Flóahreppi fjölgi um 3-5 klst á viku en í dag eru kennslustunndir 17,5 klst. á viku. Aðeins er greitt fyrir þær kennslustundir sem nýtast.

Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar því að verið sé að endurverkja tónlistarkennslu í Flóaskóla á vegum Tónlistarskóla Árnesinga og leggur áherslu á að áfram verði unnið að því að fá tónlistarkennara frá Tónlistarskóla Árnesinga til að kenna á fjölbreytt hljóðfæri í Flóaskóla. Sveitarstjórn samþykkir að auka vikulegar kennslustundir hjá Flóahreppi um allt að 5 klst. á viku. Sveitarstjóra falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2025 vegna aukins kennslukvóta á árinu og leggja fyrir sveitarstjórn. Komi í ljós aukinn ásókn í tónlistarnám haustið 2025 verði staðan metin að nýju af skólastjóra Tónlistarskóla Árnesinga og sveitarstjóra.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. **Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi**

Fyrir liggja uppfærðar reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi 2025.

Sveitarstjórn samþykkir að bæta við nýrri grein (4. gr.) í reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi og verður 4. gr. eftirfarandi:

*„Hafi orðið verulegar breytingar á högum umsækjenda svo sem við fráfall maka/sambýling tekjulágra ellí- og örorkulifeyrisþega er eftirlifandi maka eða sambýling heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti af húsnaði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 3. gr. Sama gildir ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna. Einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í samræmi við reglur þessar í allt að eitt ár hjá þeim sem flutt hafa út eigin íbúð á öldrunarstofnum en eiga áfram íbúð sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmennum.“*

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar reglur með ofangreindum breytingum. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að fylgja tekjuviðmiðum Sveitarfélagsins Árborgar og er sveitarstjóra falið að uppfæra tekjuviðmið skv. því.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 5. Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 – Tilboðsbeiðni

Fyrir liggja drög að tilboðsbeiðni vegna endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að óskað verði eftir tilboðum í endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029 útfrá framlagðri tilboðsbeiðni. Óskað verði eftir tilboði í verkið þar sem gerð skuli grein fyrir áætluðum tímafjölda og tímajaldi fyrir verkefnið ásamt hugmynd að tímálínu verkefnis. Sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa falið að senda tilboðsbeiðni áfram og auglýsa á viðeigandi stöðum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 6. Erindi frá þorrablótsnefnd végna Þorrablóts Flóamanna

Fyrir liggur erindi frá þorrablótsnefnd vegna þorrablóts Flóamanna 2025. Í erindinu er óskað eftir því að fá að greiða fasta upphæð fyrir húsaleigu eða að greiða 1000 kr. pr. miða upp að ákveðnum fjölda miða.

Sveitarstjórn Flóarhepps samþykkir að húsaleiga verði 1000 kr. pr. seldan miða upp að 250 miðum. Innifalið í leiguinni eru fundir og æfingar þorrablótsnefndar í aðdraganda þorrablóts og aðgangur að húsinu yfir helgina 7.-9. febrúar. Bókanir vegna funda, æfinga og undirbúnings í húsinu skulu vera í samráði við húsvörð og sama á við um frágang að lokinni leigu. Að auki samþykkir sveitarstjórn að greiða fyrir leigu á díkum ef þeir eru leigðir af kvenfélögum innan sveitarfélagsins. Tækifærисleyfi, STEF gjöld, leiga á búnaði (annar en sá sem er þegar til hjá sveitarfélagini) eru ekki innifalin í ofangreindri leigu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 7. Félagsstarf 60+ íbúa í Flóahreppi

Fyrir liggur samantekt frá fulltrúum í öldungaráði. Frá vori 2024 hefur verið reglubundið starf fyrir íbúa í Flóahreppi sem eru 60 ára og eldri. Miðað er við að hittast á um þriggja vikna fresti í Þjórsárveri þar sem góð aðstaða er fyrir fjölbreytt starf. Fulltrúar í öldungaráði ásamt fulltrúum úr íþróttu- æskulýðs- og menningarnefnd hafa haldið utanum skipulag starfsins en mikil ánægja er með þetta starf. Í samantektinni kemur fram hugmynd um að halda þorrablót fyrir íbúa sem eru 60 ára og eldri í Flóahreppi í febrúar og einnig hugmynd um að eldri íbúar sækji leiksýningar í nágrannasveitarfélögum og er óskað eftir viðbrögðum frá sveitarstjórn Flóahrepps um þátttöku í slíkum viðburðum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að leggja til húsnæði vegna þorrablóts fyrir eldri íbúa í Flóahreppi sem haldið verður í febrúar 2025. Húsaleiga verði skráð sem innri húsaleiga og styrkur til félagsstarfs aldraðra. Sveitarstjóra falið að vinna málid áfram með fulltrúum í öldungaráði. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að eldri íbúar sameinist um að sækja viðburði í nágrannasveitarfélögum og samþykkir að fulltrúar á vegum sveitarfélagsins haldi utanum skipulag í samráði við eldri íbúa. Sveitarstjórn hvetur fulltrúa í öldungaráði til að stuðla að

stofinun félags eldri borgara í Flóahreppi en slíkt félag gæti komið að starfi eldri íbúa og sinnt hagsmunamálum þeirra í samvinnu við öldugaráð og sveitarfélagið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Umboð til undirritunar merkjalýsinga f.h. Flóahrepps**

Í reglugerð um merki fasteigna nr. 160/2024, sem sett er á grundvelli laga nr. 74/2022 um breytingu á lögum um skráningu, merki og mat fasteigna, þá er eigendum gert skylt að láta gera merki um fasteignir sínar. Lagt er til að veita starfandi skipulagsfulltrúa umboð til að undirrita merkjalýsingu, eftir afgreiðlu sveitarstjórnar, fyrir hönd sveitarfélagsins þegar sveitarfélagið Flóahreppur er landeigandi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita starfandi skipulagsfulltrúa umboð til að undirrita merkjalýsingar fyrir hönd sveitarfélagsins Flóarhepps. Umboðið á við um merkjalýsingar sem afgreiddar hafa verið í sveitarstjórn þar sem sveitarfélagið er landeigandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**9. Fundargerðir**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 310, dags. 07.01.2025

b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 29, dags. 14.01.2025

Varðandi lið 5. b) þá samþykkir sveitarstjórn að auglýst verði eftir starfsmanni til að halda utanum verklegar framkvæmdir í sveitarféluginu. Sveitarstjóra falið að stilla upp drögum að starfslysingu og auglýsingu vegna starfsins í samráði við sveitarstjórn og framkvæmda- og veitunefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 117, dags. 16.12.2024

d) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings dags. 17.12.2024

e) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 79, dags. 02.12.2024

f) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 20, dags. 02.12.2024

g) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 241, dags. 14.01.2025

**10. Efni til kynningar**

a) 20 ára afmæli Flóaskóla 22. janúar 2025

b) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 4. febrúar kl. 17:00 í Þingborg og í beinu streymi.

**11. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

Arni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

The image shows five handwritten signatures in black ink. From top to bottom: 1. Arni Eiríksson, 2. Harpa Magnúsdóttir, 3. Hjalti Guðmundsson, 4. Hulda Kristjánsdóttir, and 5. Walter Fannar Kristjánsson. The signatures are cursive and vary slightly in style and size.



## Fundargerð nr. 6

### Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla

<b>Fundarstaður:</b>	Flóaskóli
<b>Fundardagur:</b>	Mánudagur 27. janúar 2025
<b>Fundartími:</b>	12:30-13:30
<b>Fundarmenn:</b>	Árni Eiríksson, oddviti Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd Bjarni Stefánsson, fulltrúi úr fræðslunefnd Garðar Þór Jónsson, fulltrúi nemenda Hugrún Svala Guðjónsdóttir, fulltrúi nemenda Sigriður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi starfsmanna Flóaskóla
	Hjalti Guðmundsson, fjarverandi

Árni Eiríksson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

#### 1. Næstu skref í undirbúningi viðbyggingar við Flóaskóla

Byrjað var á að fara yfir innanhússframkvæmdir (áfanga 1 skv. tillögu vinnuhóps).

Framkvæmdir inni að langmestu búnar. Á eftir að klára að filma innréttigar.

*Byggingastjóri, Börkur Brynjarsen, ber ábyrgð á að lokaúttekt á breytingum fari fram.*

Búið er að kaupa allt efni í útisvæðið og teikningar frá Eflu klárar. Farið verður í að klára útisvæðið um leið og tíðafar leyfir og er lögð áhersla á að klára það fyrir vorið þannig að útisvæðið nýtist í vor.

Aðilar nefndarinnar sammála um að innanhússbreytingarnar (Áfangi I) hafi tekist vel til.

Næsta skref er að huga að hönnun og undirbúningi vegna viðbyggingar við Flóaskóla (Áfangi II skv. tillögu vinnuhóps). Gert er ráð fyrir fjármagni í hönnun á árinu 2025 og að farið verði í framkvæmdir á árunum 2026-2027.

*Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að leitað verði eftir áhuga hjá nokkrum aðilum sem gætu tekið að sér hönnun viðbyggingar ásamt gerð teikninga sem væru ígildi bygginganefndarteikninga. Steft verði að því að bjóða út framkvæmdir í upphafi árs 2026 og því þarf að setja kraft í hönnun á næstu mánuðum.*

#### 2. Framkvæmdir á skólalóð

Rætt var um skipulag á skólalóð samhliða fyrirhuguðum framkvæmdum. Búið er að panta nýtt leiktæki á skólalóðina en sveitarstjórn færði skólanum 5 milljónir til kaupa á leiktæki á skólalóð í tilefni 20 ára afmælis skólans. Gildandi deiliskipulag ræður miklu um skipulag skólalóðarinnar og framtíðarskipulag þarf að taka mið af gildandi deiliskipulagi.

*Nefndin er sammála um að skoðað verði að færa körfuboltavöll á endanlegan stað á árinu 2025, áður en farið verður í framkvæmdir viðbyggingu. Einnig að skoðað verið að nýta grenitré á svæðinu við Þjórsárver til að gera skjól á leiksvæðum.*

*Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að fenginn verði aðili til að hanna skólalóðina til framtíðar og að stefnt verði að því að þeirri vinnu sé lokið eigi síðar en í lok mars.*

# FLÓAHREPPUR

480 4370 | floahreppur@floahreppur.is | www.floahreppur.is | Þingborg | 803 Selfoss



## 3. Önnur mál

Í sumar verður farið í breytingar á salernum í Þjórsárveri. Sveitarstjóri er kominn með aðila í að teikna upp þær breytingar.

Einnig er verið að horfa á að fara í breytingar á sal í Þingborg í september-október og mun sami aðili vinna teikningar vegna þeirra breytinga.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:30*

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Sigríður Oddný Stefánsdóttir

Kt. 1506572029

Dags. 29.1.2025 14:00

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Hulda Kristjánsdóttir

Kt. 3001843249

Dags. 28.1.2025 14:27:26

Ástæða: Undirritun

SJÁLFBAERNI

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Arni Eirksson

Kt. 0809664589

Dags. 28.1.2025 18:40:55

Ástæða: Undirritun

FRAMSÆKNI

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Hugrún Svala Guðjónsdóttir

Kt. 0302092810

Dags. 28.1.2025 19:52:38

Ástæða: Undirritun

SAMVINNA

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Garðar Þór Jónsson

Kt. 0502103160

Dags. 28.1.2025 20:42:02

Ástæða: Undirritun

# Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn að Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi 23. janúar 2025, kl. 10:00

---

## Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepss

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri i Bláskógabyggð

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Sylvia Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fjóla St. Kristinsdóttir verðandi sveitarstjóri i Grímsnes- og Grafningshreppi sat sem áheyrnarfulltrúi.

Undir lið 1 sat Gunnar Gíslason frá Miðstöð skólapróunar við HA í fjarfundi.

Undir liðum 3 og 4 sátu deildarstjórar skóla- og velferðarþjónustu þær Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir.

Fundargerðina ritaði Hulda Kristjánsdóttir, formaður.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

---

Hér var gengið til dagskrár:

## 1. Fyrirhuguð úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Líkt og bókað var um á síðasta fundi stjórnar dags. 17.12.2024 þá samþykkti stjórn að fela formanni að leita eftir fagaðila til að gera úttekt á starfsemi SVÁ, nú þegar tvö ár eru liðin frá stofnun þjónustunnar. Fulltrúi frá Miðstöð skólapróunar við HA kom inn á fundinn. Rætt var um aðdraganda að breytingum Skóla- og velferðarþjónustunnar sem tóku gildi 1. mars 2023 og helstu vinnu sem fór fram við þann undirbúning ásamt væntingum stjórnar til starfseminnar.

Stjórn samþykkir samhljóða að fela formanni að senda gögn á fulltrúa Miðstöðvar skólapróunar við HA. Um er að ræða þau gögn sem unnin voru við undirbúning breytinga á SVÁ, niðurstöður úr vinnustofum ásamt öðrum gögnum sem gætu nýst fyrir úttektaraðila. Í kjölfarið setji MSHA upp tíma- og kostnaðaráætlun vegna úttektar og sendi á formann stjórnar. Stefnt verði á að úttekt verði lokið fyrir lok mars 2025.

## 2. Húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

A fundi stjórnar dags. 22.10.2024 var formanni falið að ræða við Framkvæmdasýsluna um möguleikann á áframhaldandi leigu í Laugarási í núverandi húsnæði

heilsugæslunnar. Fyrir fundi liggja tölvupóstsamskipti formanns við starfsmenn Framkvæmdasýslunnar.

*Stjórn áréttar að samkvæmt gildandi leigusamningum vegna húsnæðis í Launrétt 2 og Launrétt 4 er uppsagnarfrestur 6 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Hvorugum leigusamningi hefur verið sagt upp.*

*Stjórn er sammála um að staðan á húsnæðismálum verði tekin út frá niðurstöðum fyrirhugaðrar úttektar með vori 2025 eða ef formleg uppsögn á leigusamningum berst frá Framkvæmdasýslunni. Fram að því eru húsnæðismál þjónustunnar óbreytt.*

### **3. Vegna undanþágu frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu**

Deildarstjórar skóla- og velferðarþjónustu komu inn á fundinn.

Deildarstjóri velferðarþjónustu fór yfir svar Mennta- og barnamálaráðuneytisins dags.

15.01.2025 vegna undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu. Ráðuneytið synjar ósk um undanþágu en samþykkir að framlengja frest um undanþágu til 15. mars 2025.

*Stjórn samþykkir samhljóða að fela deildarstjóra velferðarþjónustu, í samráði við formann stjórnar, að hefja samtal við Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus um formlegt samstarf um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu.*

### **4. Önnur mál**

Deildarstjórar skóla- og velferðarþjónustu fóru yfir ýmis málefni þjónustunnar.

Auglýsing vegna félagsráðgjafa hefur verið í birtingu en ekki gengið enn að ráða menntaðan félagsráðgjafa. Deildarstjórar eru að vinna að greiningu á núverandi mannaði innan þjónustunnar og hvort horfa skuli á hlutverk og verkefni starfsmanna á annan hátt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30

	<b>RAFRÆNT UNDIRRITAD</b>
Helgi Kjartansson	Ásta Stefánsdóttir
Kt. 0211715499	Kt. 2510703189

Dags. 28.1.2025 07:10:06  
Ástæða: Undirritun

	<b>RAFRÆNT UNDIRRITAD</b>
Hulda Kristjánsdóttir	Sylvia Karen W. Helmsdóttir
Kt. 3001843249	Kt. 2908825679

Dags. 27.1.2025 15:40:57  
Ástæða: Undirritun

	<b>RAFRÆNT UNDIRRITAD</b>
Ásta Stefánsdóttir	Ása Valdís Árnadóttir
Kt. 3004825119	Kt. 3004825119

Dags. 28.1.2025 08:19:29  
Ástæða: Undirritun

	<b>RAFRÆNT UNDIRRITAD</b>
Sylvia Karen W. Helmsdóttir	Jón Bjarnason
Kt. 2908825679	Kt. 2501932629

Dags. 27.1.2025 15:54:58  
Ástæða: Undirritun

	<b>RAFRÆNT UNDIRRITAD</b>
Ása Valdís Árnadóttir	Haraldur Þór Jónasson
Kt. 3004825119	Kt. 2705765089

Dags. 28.1.2025 09:58:11  
Ástæða: Undirritun

	<b>RAFRÆNT UNDIRRITAD</b>
Jón Bjarnason	Arnl Ólafsson
Kt. 2501932629	Kt. 0809664589

Dags. 27.1.2025 16:48:29  
Ástæða: Undirritun

	<b>RAFRÆNT UNDIRRITAD</b>
Haraldur Þór Jónasson	Árnl Ólafsson
Kt. 2705765089	Kt. 0809664589

Dags. 29.1.2025 07:39:12  
Ástæða: Undirritun

	<b>RAFRÆNT UNDIRRITAD</b>
Arnl Ólafsson	Dags. 27.1.2025 19:43:02
Kt. 0809664589	Ástæða: Undirritun

## Fundargerð 79. fundar

### stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 17. janúar kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll. Guðjón Bragason frá GB stjórnsýsluráðgjöf sat fundinn.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, mál nr. S-232/2024. - 2404035SA**

Lögð fram drög að umsögn um frv. um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, mál nr. S-232/2024, dags. 15. janúar 2025. Guðjón Bragason fór yfir drögín en stjórn telur að frumvarpið feli almennt í sér jákvæðar breytingar á leyfisveitingaferlinu. Hins vegar eru nokkur atriði sem stjórn hefur ábendingar um sem snúa að nauðsynlegum viðbrögðum við niðurstöðu héraðsdóms Reykjavíkur og reglugerðarákvæði 17. gr. frv. Að öðru leyti gerir stjórn ekki athugasemdir við frumvarpið.

*Formanni falið að ganga frá umsögninni og skila inn í Samráðsgátt í samvinnu við Guðjón Bragason.*

2. **Umsögn um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. S-235/2024 - 2404035A**

Lögð fram drög að umsögn um skýrslu og frumvarp um endurskoðun á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, mál nr. S-235/2024. Guðjón Bragason fór yfir drögín

*Drög að umsögn samþykkt með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum. Formanni falið að ganga frá umsögninni og skila inn í samvinnu við Guðjón Bragason.*

Í lok fundar var rætt um að boða næsta stjórnarfund 31. janúar 2025 kl. 08:00

Fundi var slitið kl. 10:35

# Fundargerð 78. fundar

## stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 15. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágútsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Ingibjörg Hinriksdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundir stjórnar samtakanna með hagaðilum - 2311003SK

Rætt um hvaða aðila stjórn SSKS ætti að hitta til að þrýsta á um úrbætur í orkumálum. Meðal annars var rætt um að hitta innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Einnig taldi stjórnin mikilvægt að heyra í nýkjörnum alþingismönnum, sem og þá aðila sem nýkomnir eru til starfa í þessum geira s.s. Gest Pétursson nýjan forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar. Þá var nefnt að heyra m.a. í Byggðastofnun sem um árabil hefur, í samvinnu við Orkustofnun, reiknað út kostnað við raforkunotkun og húshitun á sömu viðmiðunarfasteigninni um land allt.

### 2. Staða mála sem framundan eru - 2311006SK

Rætt um raforkulög en í stjórnarsáttmála er sérstaklegatíundað að "Framlög verða áfram tryggð til jöfnunar húshitunar- og raforkukostnaðar heimila milli dreifbýlis og þéttbýlis." Í sáttmálanum er einnig sagt að horfa þurfi til lagabreytinga til að tryggja skilvirkari málsméðferð innviðaframkvæmda á borð við flutningskerfi raforku.

Fundi var slitið kl. 08:37

# 80. stjórnarfundur Bergrisans bs.

13.1.2025

Staðsetning: Bankinn - vinnustofa.

Fundur hófst klukkan 13:00.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Elliði Vignisson, Sandra Sigurðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir og Eggert Valur Guðmundsson.  
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson, Íris Ellertsdóttir og Jóhanna Margrét Einarsdóttir.

## Dagskrá

### 1. Áherslur í starfi og staða tillagna í úttekt HLH

Verkefnastjóri fór yfir helstu áherslur í starfi næstu misserin sem og stöðu úrbótatillagna í skýrslu frá HLH ráðgjöf frá árinu 2022.

Stjórn óskar eftir að fá áætlaða tímasetningu á þær úrbótatillögur sem eftir eru á næsta stjórnarfundi.

### 2. Uppbyggingaráætlun Bergrisans

Farið var yfir helstu þætti í uppbyggingaráætlun Bergrisans. Frekari kynning mun fara fram eftir að samráði er lokið.

### 3. Skaftholt

Verkefnastjóri og skrifstofustjóri fóru yfir málefni Skaftholts en um jólín var gert skammtímasamkomulag við Skaftholt um áframhaldandi rekstur út mars 2025. Lagt var til á fundinum að fá rekstrarúttekt á Skaftholti til að fá betri mynd á stöðuna og var það samþykkt. Ákveðið var að óska eftir því að HLH ráðgjöf taki verkið að sér.


### 4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:35.


# Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir




Undirritað af:  
Ása Valdís Árnadóttir  
3004825119  
Dags: 16.01.2025  
Tími: 21:38:11  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 282cb15a-  
6372-4d42-a3d1-  
5602af9f27fc

Elliði Vignisson




Undirritað af:  
Elliði Vignisson  
2804695649  
Dags: 23.01.2025  
Tími: 12:13:14  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 282cb15a-  
6372-4d42-a3d1-  
5602af9f27fc

Sandra Sigurðardóttir




Undirritað af:  
Sandra Sigurðardóttir  
0602834949  
Dags: 16.01.2025  
Tími: 09:08:27  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 282cb15a-  
6372-4d42-a3d1-  
5602af9f27fc

Bragi Bjarnason



Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 23.01.2025  
Tími: 16:49:56  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 282cb15a-  
6372-4d42-a3d1-  
5602af9f27fc

Eggert Valur Guðmundsson



Undirritað af:  
Eggert Valur  
Guðmundsson  
1508633179  
Dags: 17.01.2025  
Tími: 07:43:48  
Ástaða: Samþykkt  
Signet ID: 282cb15a-  
6372-4d42-a3d1-  
5602af9f27fc



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 330

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

**Dagsetning og tími:** 18. desember kl. 14:30.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristínsdóttir (FSK), Jón Valgeirsson (JV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi SOS þann 1. nóvember 2024 var Ása Valdís Árnadóttir kjörinn formaður og Bragi Bjarnason kjörinn varaformaður. Fyrir fundinum liggur tillaga um að Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir verði áfram fundarritari og er sú tillaga samþykkt samhljóða.

### 2. Samráðsvettvangur sorpsamlaga á SV landi – Fulltrúar SOS.

Stjórn samþykkir að fulltrúar SOS á samráðsvettvang sorpsamlaga á Suðvesturhorninu verði áfram formaður og varaformaður stjórnar SOS.

### 3. Minnisblað vegna Kirkjuferjuhjáleigu.

Lagt fram minnisblað frá Lögmönnum Suðurlandi vegna Kirkjuferjuhjáleigu sem var kynnt á aðalfundi SOS þann 1. nóvember sl. Í minnisblaðinu er að finna greiningu á mögulegri sölu á Kirkjuferjuhjáleigu sem er í eigu SOS en þar var starfrækt urðunarsvæði árin 1996-2009. Ræddar niðurstöður minnisblaðsins og möguleika í stöðinni.

Upplýst er um á fundinum að Umhverfisstofnun fór í vitjun á staðinn með BG f.h. SOS að morgni 18. desember, sama dag og fundur þessi er haldinn. BG fer yfir það sem fram fór í vitjuninni og upplýsir að svæðið líti vel út og öll sýni og athuganir komi vel út. Samkvæmt fyrrliggjandi upplýsingum er fyrirséð að tíðni skoðana Umhverfisstofnunar verði fækkað vegna uppfærðs áhættumats. Gildandi starfsleyfi hefur gildistíma fram í júlí 2025 og þarf stjórn að taka til skoðunar í framhaldinu hvort sótt verði um endurnýjun þess.

Áætlað er að stjórn SOS fari í vettvangsskoðun að Kirkjuferjuhjáleigu á næsta stjórnarfundi.

### 4. Tölvupóstur frá Matvælastofnun (MAST) vegna Kirkjuferjuhjáleigu.

Formanni hefur borist erindi frá MAST um mögulegan grundvöll þess að urða í Kirkjuferjuhjáleigu fuglaflensumengað efni. Er erindið tilkomið vegna greinds tilviks fuglaflensu á Alifuglabúi á Auðholti, en þá var ákveðið að farga efninu í Kölku, brennslustöðinni á Suðurnesjum. Komi upp annað tilfelli telur viðbragðsteymi MAST af ýmsum faraldsfræðilegum ástæðum rétt að leita annarra tækifæra en Kölku til að farga efninu og hefur MAST borist ábending Umhverfisstofnunar um að Kirkjuferjuhjáleiga geti verið fýsilegur kostur til urðunar efnisins komi til þess.

Stjórn harmar þá stöðu sem hefur skapast vegna fuglafensusmitsins og sendir hlýjar kveðjur til þeirra sem í hlut eiga. Urðunarstaðurinn að Kirkjuferjuhjáleigu hefur verið í lokunarferli undanfarin ár. Stjórn telur því miður ekki unnt að verða við beiðni um urðun fuglafensusmitaðs efnis skv. beiðninni innan starfssvæðis SOS meðal annars með vísan til áhættu af meðhöndlun og urðun slíks úrgangs á starfssvæðinu.

#### **5. Fundaáætlun 2025.**

Fundaáætlun 2025 rædd. Farið yfir fyrirhugaðar heimsóknir og verkefnin framundan. Stefnt að fundi 28. janúar nk. kl. 13 og að farið verið þá í vettvangsskoðun að Kirkjuferjuhjáleigu og vettvangsferð í Pure North í Hveragerði.

#### **6. Önnur mál.**

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:32.

## Fundargerð ársfundar Brákar íbúðafélags hses., vegna ársins 2023.

Ársfundur Brákar íbúðafélags kt. 550722-0970 var haldinn 15.01.2025 kl. 13:00 á fjarfundi á Teams.

Mætti voru:

Ása Valdís Árnadóttir, Snorri Styrkársson, Alexandra Jóhannesdóttir, Anton Kári Halldórsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Björn Sigurður Lárusson, Bryndís Ósk Jónsdóttir, Einar Freyr Elínarson, Einar Georgsson, Elmar Erlendsson, Gerður B. Sveinsdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Gunnar Jónsson, Hrafnkell Guðnason, Hrönn Jónsdóttir, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Jakob Björgvin Jakobsson, Jón Bjarnason, Jón Páll Hreinsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Kristbjörg Björnsdóttir, Kristján Svan Kristjánsson, Liv Aase Skarstad, Matthías Lýðsson, Ragnar Már Ragnarsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Sigríður Júlífa Brynleifsdóttir, Sigurjón Andrésson, Smári B Kolbeinsson, Stefán Broddi Guðjónsson, Sturla Jónsson, Sylvía Karen Heimisdóttir, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Þorgeir Pálsson

### Fundarsetning

Snorri Styrkárson bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 13:02.

Samþykkt að Ása Valdís Árnadóttir sé fundarstjóri og Einar Georgsson ritari

### Skýrsla stjórnar

Snorri kynnti skref Brákar frá stofnun og verkefni félagsins.

Brák íbúðarfélaga hses. var stofnað til að sameina sveitarfélög um eignarhald og rekstur húsnæðis- og rekstrarfélags. Brák starfar í samræmi við lög 52/2016 um almennar íbúðir með stærðarhagkvæmni að leiðarljósi. Íbúðir Brákar eru einungis fyrir tekju- og eignalága. Brák getur ekki sinnt öðrum verkefnum í húsnæðismálum.

- Brák var ýtt úr vör á árinu 2022 með 31 sveitarfélagi sem stofnaðilum. Framlög sveitarfélaga til stofnunarinnar var mjög lágt eða 50 þús. kr. hvert eða samtals um 1,5 m.kr. og engin ákvörðun tekin um frekari fjármögnun við upphaf félagsins.
- Fjárvirkur eða ákvörðun um lágt upphafsfjármagn hefur verið Brák krefjandi. Með elju og dyggum stuðningi HMS hefur Brák samt tekist á um þremur árum að fjárfesta fyrir um 8 milljarða króna og verður Brák með á þriðja hundruð íbúða í rekstri er líður á þriðja/fjórða starfsárá félagsins (2025). Íbúðirnar dreifast um allar landsbyggðirnar.
- Ætlunin var að Brák hefði náið samstarf með Leigufélaginu Brítei en það samstarf gekk ekki upp. Leigufélagið Brítei hefur samt stutt verulega við uppbryggingu Brákar með skammtíma fjármögnun.
- Grundvöllur uppbryggingar Brákar sem og frekari þróunar er hröð uppbrygging, það er eina leið stofnunarinnar til að ná stærð sem gefur félagini fjárhagslega viðspyrnu og möguleika á að halda upp virkri starfsemi.
- Samningurinn um yfirtöku á eignum Leigufélags aldraðra (80 íbúðir og þar af 31 á Akranesi) er mjög mikilvægur grunnur á þessari vegferð og gerir Brák fært að þróast mun hraðar áfram.

Nokkur umræða var um yfirtöku á eignum í Reykjavík en fundarmenn almennt sammála um að betra hefði verið að kynna erindið fyrir fulltrúaráði áður en gengið var til samninga um kaup á eignum á höfuðborgarsvæðinu. Fram kom að verkefnið þurfti að vinnað mjög hratt í samstarfi með HMS og stjórn hafið ekki mikinn tíma til að kynninga. Varr það mat stjórnar að þessi kaup væru ekki andstæð reglum félagsins en teldi jafnframt heillavænlegra að gera breytingar á samþykktum félagsins til að ná utan um að eiga og reka eignir á höfuðborgarsvæðinu.

#### Framlagning ársreiknings til samþykktar.

Sturla Jónsson endurskoðandi félagsins fer yfir ársreikning félagsins frá 3.desember 2024. Tekjur félagsins eru um 27 mkr og hagnaður fyrir fjármagnliði er um 4.7 mkr. Tap ársins er um 7,5 mkr eftir fjármagnliði og gangvirðisbreytingar. Sturla upplýsti að dráttur á gerð ársreiknings skapist af nokkrum þáttum m.a. að færsla bókhalds félagsins sat á hakanum hjá Leigufélaginu Bríti og þegar endurskoðendur komu að þurfti að færa talsverðan hluta af færslum ársins.

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2023 er borinn upp til samþykktar og er hann samþykktur samhljóða.

#### Áætlun um kaup eða byggingu íbúða til næstu þriggja ára.

Einar Georgsson fer yfir áætlun fyrir árið 2025 og árið 2026. Gert er ráð fyrir að fullbúnar eignir félagsins verði nærri 280 fyrir árslok en þær eru í dag 155 og eru væntingar um að Brák verði með 350-380 íbúðir fyrir árslok 2026. Ef þessar áætlanir ganga eftir eru líkur á að félagið verði sjálfbært á árinu 2025 með leigutekjur upp á um 500 mkr.

#### Breytingar á samþykktum

Fyrir liggur tillaga stjórnar að breytingum á 3.gr. í lögum félagsins. Lagt er til að gera eftirfarandi breytingu á lögum félagsins til að gera sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu kleift ganga í félagið. M.a. er horft til þess að félagið á nú 49 fasteignir í Reykjavík eftir kaupa á eignum í eigu Leigufélags aldraðra og á félagið möguleika á að yfirtaka lóðarúthlutanir Leigufélags aldraðra.

Grein 3 fyrir breytingu :

„*Tilgangur húsnæðissjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að uppbyggingu leiguíbúða á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins með því að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi almenndra íbúða á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins og veita þjónustu í almannapágu samkvæmt lögum um almennar íbúðir.*“

Grein 3 eftir breytingu:

„*Tilgangur húsnæðissjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að uppbyggingu leiguíbúða með því að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi almenndra íbúða og veita þjónustu í almannapágu samkvæmt lögum um almennar íbúðir.*“

Jafnframt liggur fyrir breytingartillaga frá fulltrúaráði við tillögu stjórnar á sömu grein í lögum félagsins.

Grein 3 eftir breytingu:

*Tilgangur húsnæðissjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að uppbryggingu leiguþúða hjá ~~á landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins~~ stofnaðilum, sem eru sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins með því að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi almennra íbúða á ~~landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins~~ og veita þjónustu í almannapágu samkvæmt lögum um almennar íbúðir.*

Snorri fór yfir ástæður þessara breytingatillögu, en Brák kemur að lausn á erfiðri stöðu Leigufélags Aldraðra hses í samstarfi með HMS og Akraneskaupstað með því að yfirtaka verkefni félagsins sem er á Akranesi og í Reykjavík. Um er að ræða 31 íbúð á Akranesi og 49 íbúðir í Reykjavík og fyrirséð að Leigufélag Aldraðra hafði ekki burði til að reka verkefnin með sjálfbærum hætti. Er það mat stjórnar Brákar að með yfirtöku á þessum verkefnum er verið að styrkja rekstur Brákar og flýta verulega þeirri vegferð að gera félagið sjálfbært. Með dreifðara eignasafni er rekstrargrunnur félagsins styrktur þar sem félagið er betur í stakk búið að takast á við áföll á einstökum starfssvæðum Brákar. En eftir samtöl við eigendur síðustu daga leggur Snorri til að tillögum hér að ofan verði vísa aftur til stjórnar og fulltrúaráðs þar sem tillaga verði unnin frekar og stefnt á að leggja fyrir nýja tillögu á næsta ársfundi sem áætlaður er í apríl 2025.

Fundarmenn almennt jákvæðir gangvart kaupum á eignum Leigufélags Aldraðar og sammála um að verkefnið styrkir Brák til muna en mjög efins um að Brák starfi á höfuðborgarsvæðinu. Eftir talsverðu umræðu var samþykkt að vísa tillögum aftur til stjórnar og fulltrúaráðs til frekar umræðu og vinnslu .

#### **Tilkynning um skipan stjórnar.**

Núverandi stjórn var skipuð til 4 ára og því engin breyting á stjórn félagsins. Fulltrúaráð Brákar kýs stjórnina.

Í stjórn eru :

- Snorri Styrkársson,
- Ása Valdís Árnadóttir,
- Björn Sigurður Lárusson,
- Kristján Svan Kristjánsson,
- Guðveig Lind Eyglóardóttir,

#### **Kosning endurskoðenda.**

Lögð fram tillaga um að ráða Sturla Jónsson, Löggiltan endurskoðanda hjá Grant Thornton sem endurskoðanda félagsins.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**Inntaka nýrra stofnaðila.**

Tvær umsóknir hafa borist um inngöngu í félagið annarsvegar frá Dalvíkurbyggð og hins vegar frá Bláskógarbyggð.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**Önnur mál.**

Óskað var eftir upplýsingum um hverjir eru í fulltrúaráði.

Fulltrúaráð :

- Berglind Harpa Svavarsdóttir frá SSA
- Einar Freyr Elínarson frá SASS
- Sigríður Ingvarsdóttir frá Sambandinu
- Liv Aase Skarstad frá Sambandinu
- Guðjón M. Ólafsson frá SSNE
- Friðrik Már Sigurðsson frá SSNV
- Magnús Ingj Jónsson frá FV
- Jakob Björgvin Jakobsson frá SSV

Stefnt er á að næsti ársfundur sem áætlaður er í apríl 2025 verði staðfundur en ekki á Teams.

**Fundið slitið : 15:21**

Einar Georgsson